

**12. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
21. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1503281 - Starfsemi leikskóla - sumarskóli 2015**

Skráningu er nú lokið í sumarskóla leikskóla Akraneskaupstaðar 2015. Fyrstu vikuna í sumarskólanum verða 73 börn. Í annarri viku sumarskólans verða 40 börn. Ekki náðist tiltekinn lágmarksfjöldi til að hafa þriðju viku sumarskólans opna. Starfsemi sumarskólans muna fara fram í leikskólanum Vallarseli 29. júní til 10. júlí nk.

*Á fundinn mættu kl. 16:30 Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnafulltrúi leikskólastjóra, Jónína Margrét Sigmundsdóttir áheyrnafulltrúi foreldra og Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnafulltrúi starfsmanna í leikskólum. Brynhildur Björg fór yfir skráningu í sumarskólann. Skóla- og frístundaráð óskar eftir minnisblaði frá leikskólastjórum um mögulegar leiðir til að útfæra starfssemi sumarskólans og áhrif hans á starfsemi ágústmanaðar.*

**2. 1504063 - Fyrirspurn um innritun í leikskóla**

Borist hefur fyrirspurn frá foreldri um innritun í leikskóla. Leitað er eftir upplýsingum er snúa að verklagsreglum um starfsemi leikskóla grein 1.3. Hvers vegna börn geta ekki innritast fyrr í leikskóla en á því ári sem þau verða tveggja ára. Einnig er leitað eftir upplýsingum um af hverju innritun fer að jafnaði fram í júní til ágúst og þá innritast öll börn sem eru á öðru ári óháð hvenær þau eru fædd á árinu.

*Í verklagsreglum um starfsemi leikskóla segir að börn séu að jafnaði innrituð í júní til ágúst á því ári sem þau verða 2ja ára. Innritun yngri barna hefst þegar þau elstu útskrifast úr leikskóla. Í dag eru leikskólar Akraneskaupstaðar nánast fullsetnir. Það litla svigrúm sem er til staðar er ætlað eldri börnum sem foreldrar óska eftir að innritist í leikskóla. Skóla- og frístundaráð felur Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra að svara málsaðila.*

**3. 1503113 - Umsókn um leikskólavist**

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**4. 1412138 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 3. febrúar sl. voru samþykktar reglur um

Sl

Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs. Auglýst verður nú eftir umsóknum í sjóðinn. Umsóknarfrestur er til 18. maí nk.

Rafrænar umsóknir verða sendar til stjórnenda stofnana á skóla- og frístundasviði.

Brynhildur Björg, Jónína Margrét og Guðríður viku af fundi kl. 17:52.

**5. 1503092 - Mannfjöldaspá 2015**

Drög að mannfjöldaspá sem Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi SSV vann fyrir Akraneskaupstað fyrir árin 2020-2025 lögð fram.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**

Sigrún Inga Guðnadóttir  
Rakel Ósarsdóttir  
Kristinn H. Seeinsson  
Astríður Ólaf Ragnarsdóttir  
Svala Hársdóttir  
Sigríður Indriðadóttir